

Rúnar Vilhjálmsson

Kynningarbréf vegna kosninga til kirkjupings 2022

Ágæti kjörmaður.

Ég býð mig fram sem fulltrúa á kirkjuping við kirkjupingskosningarnar í maí.



Menntun:

Ég lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1982.

MS prófi lauk ég í sömu grein 1984 frá Wisconsinháskóla í Madison í Bandaríkjunum og doktorsprófi frá sama skóla 1993.

Störf:

Ég hef kennt við Háskóla Íslands frá árinu 1985 og frá árinu 1996 hef ég gegnt starfi prófessors í félagsfræði við heilbrigðisvísindasvið skólans. Jafnframt starfi mínu sem prófessor hef ég gegnt ýmsum nefndar- og félagsstörfum innan og utan Háskóla Íslands sem snúa að menntunar- og heilbrigðismálum, kjaramálum, og málefnum kristni og kirkju.

Áhuga- og félagsmál:

- Sem kristinn einstaklingur hef ég lengi haft mikinn áhuga á málefnum kristindómsins. Í BA námi mínu við Háskóla Íslands á 9. áratugnum valdi ég kristna siðfræði sem aukagrein innan guðfræðideildar, ásamt félagsfræðinni í félagsvísindadeildinni. Á háskólaárunum tók ég virkan þátt í Kristilegu stúdentafélagi og skipulagði ásamt öðrum málundi og útvarpsþætti um kristin málefni. Þá hélt ég á sama tíma erindi í Ríkisútvarpinu og skrifaði í blöð um kristin og siðferðileg efni af ólíku tagi.
- Ég sat í stjórn og var varaforseti Gídeonfélagsins á árunum 2008-2011 og gegndi stöðu forseta félagsins 2011-2014. Félagið hefur unnið mikið starf allt frá árinu 1945, sem miðar að því að auðvelda Íslendingum, og þá ekki síst ungu fólki, aðgengi að textum biblíunnar.
- Þá var ég stjórnarmaður og gjaldkeri Hins íslenska biblíufélags 2013-2017 og varaforseti félagsins 2017-2018. Á þessum árum undirbjó félagið, í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, bætt aðgengi almennings að íslenskri þýðingu biblíunnar á rafrænum miðlum.
- Ég sat í sóknarnefnd Dómkirkjunnar 2017-2021 og tók sæti í sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar á síðasta ári.
- Í störfum mínum sem háskólakennari hef ég stundað rannsóknir og annast kennslu og leiðbeiningu nemenda á sviði heilbrigðismála, einkum um málefni er varða lifnaðarhætti, líðan og heilsu ungmenna, félagslegar aðstæður og geðheilbrigði fullorðinna, og skipulag og notkun heilbrigðisþjónustunnar. Trúarleg viðhorf og andleg málefni hafa tengst þessum viðfangsefnum.
- Þá hef ég á undanförunum árum haldið ýmis erindi á samkomum félagasamtaka og í safnaðarheimilum kirkjunnar um trúarlíf, trúarleg viðhorf og andlega líðan og heilsu Íslendinga.

Málefni kirkju og kristni:

- Mikilvægt er að kirkjuþing móti skýra stefnu í varðveislu- og boðun kristinnar trúar í landinu á komandi árum og að verkefni og ráðstöfun fjármuna kirkjunnar mótist af þeirri stefnu. Verkefnin fylgi stefnunni og fé verkefnunum.
- Meðal landsmanna er rík trúarþörf sem kirkjur og söfnuðir landsins gætu komið enn betur til móts við en verið hefur. Á sama tíma benda rannsóknir mínar til að þeim landsmönnum fækki sem sækja almennar guðþjónustur eða taki þátt í safnaðarstarfi. Í þessu sambandi þarf að huga betur að boðleiðum kirkjunnar í samtímanum, bæði í raun- og netheimum, og nýta til þess reynslu undarfarinna ára.
- Endurskoða þarf lög um trúfélög og lífskoðunarfélög til þess að koma í veg fyrir að innan laganna geti þrífist óskyld starfsemi sem misnoti lýðræðishefðir og fjármuni gjaldenda.
- Endurskoða þarf lagaákvæði um sóknargjöld til þess að bæta og tryggja stöðu sóknanna og gera þeim kleift að sinna betur sínu fjölþætta og mikilvæga starfi. Sóknunum er of þröngur stakkur sniðinn og það ástand hefur varað of lengi.
- Fræðslustarf kirkjunnar þarf jafnframt að efla, sem og upplýsingagjöf, svo nýjar kynslóðir landsmanna fari ekki á mis við hinn mikilvæga boðskap kristinnar trúar og allt það góða starf sem fram fer innan kirkna og safnaða.